

Akureyrarbær  
Anton Birgir Ólafsson,  
verkefnastjóri skipulagsmála  
Geislagötu 9  
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. október 2012  
Tilvísun: UST20120700165/bs


### Skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018. Umsögn


Vísað er til bréfs Akureyrarbæjar dags. 17. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.

Breytingin felur í sér að þéttbýlismörk ofan byggðar á Akureyri verða færð ofar þannig að meirihluti landnotkunarreita verði innan þeirra. Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, hverfisverndarsvæði á Glerárdal og vatnsverndarsvæði verða utan þess. Breytingin hefur hvorki áhrif á náttúrufar né náttúruminjar. Með breytingunni verða engar nýjar heimildir til framkvæmda mögulegar umfram það sem nú liggur fyrir í staðfestu aðalskipulagi.

Þar sem umrædd breyting á aðalskipulagi hefur engin umhverfisáhrif önnur en gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi gerir Umhverfisstofnun engar athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
deildarstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur